



Kópavogi, 16. maí 2024
2402871/001.00 SMK

Erindisbréf Matshóps A í lýðræðisverkefninu Okkar Kópavogur.

Markmið verkefnisins Okkar Kópavogur:

Verkefnið er liður í auknu lýðræði í sveitarfélaginu og er tilgangurinn að bæta tengsl bæjaryfirvalda við íbúa, færa íbúum aukna ábyrgð og virkja þá í aukinni þátttöku í ákvarðanatöku um framkvæmdir í bænum. Auk þess er verkefninu ætlað að hafa áhrif á bætta líðan og upplifun bæjarbúa á nærsamfélaginu, og gera hverfin vistlegri, skemmtilegri og fjölbreyttari.

Markmið verkefnisins er að:

- hvetja íbúa til að láta sig nærumhverfið varða og hafa skoðun á því,
- íbúar komi hugmyndum sínum á framfæri,
- íbúar taki þátt í að ráðstafa fjármagni sveitarfélagsins.

Hlutverk matshópa A og B:

Tveir matshópar eru skipaðir á meðan verkefnið Okkar Kópavogur stendur yfir. Matshópur A er skipaður starfsfólki af stjórnsýslu- og umhverfissviði en matshópur B er skipaður starfsfólki allra sviðanna. Hlutverk hópanna er að fara yfir innsendar hugmyndir íbúa í hugmyndasöfnun og leggja fram ákveðinn fjölda hugmynda sem fer í kosningu á meðal íbúa.

Mikilvægt er að huga að því að hafa hugmyndirnar fjölbreyttar, fyrir fjölbreytta notendahópa og dreifa þeim nokkuð jafnt um bæinn.

Hlutverk matshóps A er að:

- Fara yfir innsendar hugmyndir. Taka út þau verkefni sem falla ekki innan skilyrða verkefnisins og sameina keimlíkar hugmyndir.
- Taka afstöðu til hugmynda og framkvæmdamöguleika út frá skilyrðum verkefnisins.
- Leggja fram lista af innsendum hugmyndum til matshóps B til úrvinnslu.
- Fara yfir niðurstöður Matshóps B og kostnaðarmeta allt að 100 hugmyndir sem fara í kosningu.
- Leggja fyrir stýrihóp allt að 100 hugmyndir, sem fara í kosningu.

Matshópur A:

Hópurinn er skipaður starfsmönnum á stjórnsýslu- og umhverfissviði. Eftirfarandi eru í hópnum:

- Garðyrkjustjóri Kópavogs, Friðrik Baldursson
- Verkefnastjóri íbúatengsla Kópavogs, Sigrún María Kristinsdóttir
- Deildarstjóri gatnadeildar Kópavogs, Birkir Rútsson

Garðyrkjustjóri stýrir vinnu matshópsins og útdeilir verkefnum. Verkefnastjóri íbúatengsla boðar fundi, heldur fundargerðir, undirbýr gögn fyrir matshóp og kosningakerfi. Hópurinn getur leitað til stýrihóps verkefnisins ef álitamál koma upp. Matshópurinn er starfandi frá því að hugmyndasöfnun lýkur hverju sinni og fram að næstu kosningum í verkefninu Okkar Kópavogur.

Að öðru leyti er vísað í verkefnalýsingu verkefnisins.